

FFR

FÉLAG FORSTÖÐUMANNA RÍKISSTOFNANA

Fréttir frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana 20. apríl 2011

Aðalfundur FFR verður 18. maí kl. 9:00 á Grand hótél

Aðalfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana árið 2011 verður haldinn á Grand Hótél í Reykjavík, **miðvikudaginn 18. maí kl. 9.** Meginefni fundarins fer samkvæmt 9. gr. laga félagsins um aðalfundastörf þ.e. flutt verður skýrsla stjórnar, lagðir fram endurskoðaðir reikningar, fjallað um lagabreytingar, kosnir fulltrúar í stjórn og starfskjaranefnd, kosnir endurskoðendur, ákvörðun félagsgjalda og önnur mál. Fundurinn verður boðaður sérstaklega í byrjun maí nk. og eru félagsmenn hvattir til að mæta. Við undirbúning aðalfundarins leitaði stjórn FFR til Sigríðar Snæbjörnsdóttur forstjóra Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og Gísla Tryggvasonar umboðsmanns neytenda sem tóku að sér að skipa uppstillingarnefnd vegna stjórnar og starfskjaranefnd.

Starfskjaramálin enn og aftur

Eins og áður hefur komið fram hefur Starfskjaranefnd FFR unnið ötullega að því ásamt stjórn að þrýsta á að Kjararáð vinni samkvæmt lögum og einnig að skoða hvaða leiðir eru færar til að koma fram leiðréttingum vegna alverlegrar skerðingar á kaupmætti forstöðumanna umfram aðra samanburðarhópa. Því miður hafa svör Kjararáðs við erindi FFR frá 14. desember 2010 enn ekki borist þrátt fyrir ítrekunarbref dags 14. febrúar 2011. Þetta er afar slæm stjórnsýsla og mögulega brot á lögum um starfsemi ráðsins. Ljóst er að leita þarf allra leiða á næstu misserum til að ná fram lögbundnum rétti forstöðumanna. Um það verður rætt og hugsanlega ályktað á næsta aðalfundi FFR þann 18. maí nk. Auk erindis frá FFR til Kjararáðs þar sem krafist er leiðréttinga á kjörum forstöðumanna hafa nokkrir forstöðumenn sent inn erindi í eigin nafni. Engin niðurstaða er fengin í þau mál frekar en erindi FFR frá því í desember. Einn forstöðumaður hefur þegar leitað til umboðsmanns Alþingis vegna þessa.

Grein formanns FFR í fjölmiðlum

Til þess að vegna athygli á því grófa óréttlæti sem forstöðumenn ríkisstofnana hafa verið beittir umfram aðra hópa opinberra starfsmanna skrifaði formaður FFR grein í fjölmiðla og í Fréttabréf stjórnenda ríkisstofnana sem birtust þann 14. apríl sl. Greinin er eftirfarandi:

Umbætur í íslenskri stjórnsýslu, eða hvað ?

Forstöðumenn ríkisstofnana gegna mikilvægum hlutverkum í íslenskri stjórnsýslu og á þeim brennur að reka stofnanir samfélagsins með sem bestum og hagkvæmustum hætti. Forstöðumenn eru einnig lykilhópur við að innleiða nýsköpun og umbætur í íslenskri stjórnsýslu til þess að hægt sé að veita samfélaginu góða þjónustu þrátt fyrir lækkandi fjárveitingar.

Því miður er nú svo komið að í öllu umbótastarfinu blasir við það vandamál að forstöðumenn upplifa að þeir séu beittir órétti af hendi stjórnvalda á sama tíma og kröfur til þeirra eru meiri en nokkru sinni fyrr.

Stétt forstöðumanna ríkisstofnana, sem hvorki hefur samningsrétt né verkfallsrétt, hefur umfram aðra hópa í samfélaginu orðið fyrir óréttlátum aðgerðum í kjölfar hruns íslensks efnahagslífs í árslok 2008. Laun voru lækkuð og fryst með lagasetningu í tvígang og hefur kaupmáttur þessa hóps lækkað um 10% umfram aðra sambærilega hópa síðan í ársbyrjun 2009. Ákvæðum laga um frystingu og launalækkun var aflétt 1. desember 2010 en þrátt fyrir það hafa kjörin ekki verið leiðrétt til fyrra horfs þó að lög um Kjararáð tilgreini að svo skuli gert. Þetta verður að teljast afar slæm stjórnsýsla og mögulegt lögbrot á sama tíma og stjórnvöld gera kröfur um að vinnubrögð verði bætt í stjórnsýslunni í heild.

Forstöðumenn geta og vilji standa vaktina á fullum krafti í krefjandi verkefnum en þeir þurfa að fá eðlilega og sanngjarna umbun fyrir störf og árangur. Það er órökrétt að forstöðumenn fái neikvæð skilaboð í formi óréttlætis af hendi stjórnvalda þegar þeir þurfa á hvatningu og stuðningi að halda. Eðlileg laun og samhengi á milli árangurs og umbunar er hluti að nauðsynlegu umbótastarfi í íslenskri stjórnsýslu. Ella er hætta á atgerfisflotta með ófyrirséðum afleiðingum.

Magnús Guðmundsson
formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana

Starfshópur fjármálaráðherra um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna

Fjármálaráðherra óskað eftir því í bréfi til FFR þann 21. mars 2011 að félagið tilnefndi 2 fulltrúa í starfshóp um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna. Ráðherra mun auk fulltrúa FFR tilnefna 2 sérfræðinga í hópinn auk formanns. Í erindi ráðuneytisins segir að umfjöllunarefni hópsins verði m.a. skilgreining á hlutverki stjórnenda, hæfnisskilyrði og ráðningartími, fyrirkomulag launaákvörðunar, aðferðir við mat á hæfni og árangri, þjálfun og endurmenntun, hreyfanleiki í starfi, stjórnæki og lagaumhverfi og fjárhagsleg ábyrgð. Hópnum er gert að skila stöðuskýrslu í byrjun júní 2011 og endanlegri greinargerð til ráðherra í loka október 2011.

FFR tilnefndi Stefán Eiríksson lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins (stefan.eiriksson@lrh.is) og Margréti Friðriksdóttur Skólameistara Menntaskólans í Kópavogi (margret.fridriksdottir@mk.is) til þessa verkefnis.

Málþing á vorönn 2011

Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Fjármálaráðuneytið, Ríkisendurskoðun, Ríkiskaup og Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála boða til morgunverðarfundar **fimmtudaginn 28. apríl** kl. 8-10 á Grand hótél Reykjavík. Fundurinn hefst með morgunverði kl. 8 og stendur til kl. 10. Fundurinn ber yfirskriftina „**Hvernig geta stjórnendur náð betri árangri í innkaupum?**“ Frekari upplýsingar og skráning á www.ffr.is. Forstöðumenn eru hvattir til að mæta á þennan fund sem verður settur af fjármálaráðherra.

bestu kveðjur og gleðilega páska

Magnús Guðmundsson,
formaður FFR (magnus@lmi.is)